



Reykjavík, 13. mars 2024

VEL24030027

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Umsögn við tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um aðstöðu fyrir listsmiðju á Vitatorgi

Um er að ræða bílskúr við Lindargötu sem velferðarsvið er nú þegar að greiða innri leigu á kr. 32.000 á mánuði og því yrði ekki um að ræða kostnaðarauka vegna húsaleigu.

Ýmislegt þarf að skoða varðandi húsnæðið og leyfisveitingar. Samkvæmt fasteignaskrá er notkunareiningin bílskúr og ekki sjálfgefið að heimilt sé að reka þar annarskonar starfsemi. Húsnæðið þarf að uppfylla kröfur varðandi starfsmannaaðstöðu og jafnvel þarf að koma til einhverra endurbóta s.s. vegna salernisaðstöðu og fleira. Talið er afar ólíklegt að ekki muni koma til kostnaðarauka vegna endurbóta.

Því er ljóst að það þarf að fara í formlegt umsóknarferli sem sýnir breytta notkun á rýminu þ.e. breyttan aðaluppdrátt og fá umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.



Reykjavík